

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 17. október 2024
Mnr. 2024100073



ÍSAFJARÐARBÆR

Færsla lagna - og kostnaður

Inngangur

Þann 12. janúar 2023 var lóðum við Aðalgötu 17 og 19 á Suðureyri úthlutað til Nostalgíu ehf. Úthlutun var staðfest og byggingaráform samþykkt 15. júní sama ár. Við jarðvegsvinnu kom í ljós að stofnlögn hitaveitu, sem áður var í rekstri hitaveitu Suðureyrar, en nú er í eigu Orkubús Vestfjarða, þveraði byggingarreiti lóðanna. Þetta takmarkaði verulega möguleika til að nýta lóðirnar til byggingar nema með tilfærslu. Þar sem byggingarleyfi var þegar gefið út og framkvæmdir hafnar, skapaðist tímapressa til að fjarlægja eldri lögn og leggja nýja lögn til að koma í veg fyrir tafir á uppbyggingu, fjögurra nýrra íbúða á Suðureyri.

Svipuð vandamál eru til staðar á eftirfarandi lóðum, jafnvel fleirum (með fyrirvara um að rýna þarf þetta sérstaklega m.t.t. sveitarfélagsins í heild).

- Suðureyri
 - Smiðjustígur 2
 - Smiðjustígur 4a
 - Eyrargata 22
 - Eyrargata 24
- Hnífsdalur
 - Dalbraut 6
 - Ísafjarðarvegur 8
 - Ísafjarðarvegur 10

Í öllum þessum lóðum sem taldar eru upp að ofan og sumar hverja á lóðalista, liggja lagnir hitaveitu, rafmagnslagnir og- eða vatnslagnir Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar.'

1. Ábyrgð sveitarfélagsins á tilfærslu lagna:

Sveitarfélagið ber ábyrgð á að framkvæmdir á byggingarlóðum séu í samræmi við skipulagsáætlanir og að lagnir, innviðir og önnur hindrandi mannvirki séu meðhöndluð með viðeigandi hætti. Þess vegna er það sveitarfélagsins að tryggja að lóðir séu byggingarhæfar, og ef lagnir valda vandamálum, er sveitarfélagið í þeirri stöðu að óska eftir tilfærslu áður en lóðir eru seldar eða afhentar lóðarhöfum.

Einnig er vert að benda á að í samþykktum sveitarfélaga um gatnagerðargjöld og innviði er oft kveðið á um að sveitarfélagið beri ábyrgð á að leggja lagnir sem eru nauðsynlegar fyrir notkun lóðanna, sem gæti falið í sér tilfærslu eldri innviða eins og í þessu tilviki.

Orkubú Vestfjarða hefur gefið út reikning upp á 14,4 milljónir króna vegna vinnu við að færa hitaveitulögnina sem ekki var gert ráð fyrir en verður greiddur. Um er að ræða kostnað sem eignfærist hjá Eignasjóði, og eru væntingar um að rúmist innan núverandi áætlunar. Umræddar lóðir voru ekki eignfærðar þar sem áður stóð á þeim mannvirki sem hafði verið rífið og lóðum afsalað aftur til sveitarfélagsins.

